

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100003/bs

Jarðstrengur, 66 kV og ljósleiðari frá Varmahlíð að Sauðárkróki, sveitarfélaginu Skagafirði. Beiðni um umsögn um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30 október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða lagningu 22 km langs jarðstrengs frá tengivirki við Varmahlíð að tengivirki við Sauðárkrók. Strengurinn mun að mestu liggja samsíða núverandi 66 kV háspennulínu.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er talin vera um 60.000 m³ og er ráðgert að taka efni úr námum sem þegar eru í rekstri. Hér er væntanlega átt við námur sem hafa framkvæmdaleyfi. Framkvæmdasvæðið er að mestu leyti gróið landbúnaðarsvæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri